

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

597. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 4. maí 2009 kl.  
10:00 í fundarsal Ráðhúss.

### Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla.
3. Aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga.
4. Bréf Félags- og tryggingamálaráðuneytisins.
5. Erindi Hannesar Ársælssonar og Helenu Halldórsdóttur.
6. Upplýsingar frá aðalfundi Sparisjóðs Keflavíkur.

### Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um ýmsar framkvæmdir m.a. v/ gá mavallar, gatnasópunar, endurbætur Hvammstangabraut/Norðurbraut, byggingu þjónustuhúss í Kirkjuhvammi. Einnig rætt um ráðningu starfsmanna í sumarafleysingar í áhaldahúsi.
2. Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri grunnskóla er mættur til viðræðna við byggðarráð. Rætt um mögulegar aðgerðir til hagræðingar í rekstri grunnskóla.
3. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga. Fundurinn verður haldinn í Laxahvammum þann 5. maí nk. kl. 20:30 Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Lagt fram bréf Félags- og tryggingamálaráðuneytisins þar sem tilkynnt er um afgreiðslu umsókna frá Húnaþingi vestra um úthlutun framlags úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Umsókn um fjárframlag v/ kaupa á bifreið til þjónustu fyrir fatlaða og aldraða var hafnað en beiðni um fjárframlag v/ breytinga á húsnæði íbúða aldraðra í Nestúni var samþykkt kr. 1.556.000-
5. Fram lagt bréf Hannesar Ársælssonar og Helenu Halldórsdóttur. Í bréfinu óska þau eftir stækkun á lóð sinni við Grundartún 14 á Hvammstanga v/ áforma um byggingu bílskúrs. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til skipulags- og umhverfisráðs.
6. Farið yfir upplýsingar frá aðalfundi Sparisjóðs Keflavíkur. Heimir Ágústsson, stjórnarmaður í sparisjóðnum fór yfir ýmiss atriði er fram komu á aðalfundinum.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Sveitarstjóri greindi frá því að ekki hafi náðst samkomulag við Ólaf H. Guðmundsson um rekstur tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi. Sveitarstjóra falið að gera tillögu um fyrirkomulag rekstrar tjaldsvæðisins sumarið 2009.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:20

*Alin R. Þurkel*  
*Rauur Rúnólfsson*  
*Heimir Ágústsson*

*Svein Þorsteinsson*

Aheyrnarfulltrúi:

*Oddur Sigurðsson*